



LISTVINAFLAG HALLGRÍMSKIRKJU
THE HALLGRIMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY'S

DAGSKRÁ PROGRAMME

34. STARFSÁR / 34TH SEASON



JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU

HALLGRIMSKIRKJA CHRISTMAS MUSIC FESTIVAL

28. NÓVEMBER – 31. DESEMBER / NOVEMBER 28 - DECEMBER 31

28. NÓVEMBER LAUGARDAGUR - AÐVENTA

12.00–12.30 Orgeltónleikar –Veni
redemptor gentium – Nú kemur heimsins
hjálparáð

Björn Steinar Sólbergsson flytur aðventutónlist
eftir Bach og Guilmant.
Upptaktur að fallegri stemmningu í
Hallgrímskirkju á aðventunni.

Aðgangseyrir: 2.000 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



29. NÓVEMBER FYRSTI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU

11.00 Hátíðarmessa

Biskup Íslands frú Agnes Sigurðardóttir prédikar. Dr. Sigurður
Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjóna fyrir
altari. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur, stjórnandi er Hörður
Áskelsson og organisti Björn Steinar Sólbergsson.
Hátíðarmessan markar upphaf jólasöfnunar fyrir
Hjálpastarf kirkjunnar.

12.15 Opnun listsýningar Erlu Þórarinsdóttur í
forkirkjUNNI.


Erla sýnir ný verk undir yfirskriftinni Kvenleikar/
Genetrix, en þar vinnur hún með minni gyðjunnar,
framhald hennar í Maríu mey og fæðingu frelsarans.

4. DESEMBER FÖSTDAGUR

12.00–12.30 Aðventutónleikar I með Schola
cantorum

Á fyrstu hádegistónleikum sínum á aðventunni
býður Schola cantorum upp á fagra kórtónlist
tengda aðventu og jólum. Upplagt tækifæri til að koma við
í Hallgrímskirkju í hádeginu og eiga stutta, hátíðlega stund í
aðdraganda jóla. Stjórnandi kórsins er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



SATURDAY NOVEMBER 28TH – ADVENT

12–12.30 noon Organ concert – Veni redemptor gentium
– O Come, Redeemer of the Earth

Organist Björn Steinar Sólbergsson of Hallgrímskirkja plays
Advent music by Bach and Guilmant, setting the right mood for
the Christmas Music Festival in Hallgrímskirkja.

Admittance: 2000 ISK.

SUNDAY NOVEMBER 29TH FIRST SUNDAY OF ADVENT

11 am Festive mass

The Bishop of Iceland preaches and the Hallgrímskirkja Motet
Choir sings. Conductor: Hordur Áskelsson. Organist: Björn
Steinar Sólbergsson.



12.15 noon An arts exhibition of Icelandic
painter Erla Thorarinsdóttir opens in the
church foyer. The title of the exhibition is
Kvenleikar/Genetrix. Erla works with the
motif of the goddess, her continuation in
the Virgin Mary and the birth of the Saviour.

FRIDAY DECEMBER 4TH

12.00–12.30 noon Schola Cantorum's noon
Advent concert I

The first of three Friday noon Advent choir
concerts in Hallgrímskirkja, where the
excellent chamber choir Schola Cantorum
sings beautiful Advent and Christmas choir
music. A wonderful chance to experience the true Christmas
spirit in Reykjavík.

Admittance: 2500 ISK.



JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRSINS

5. desember laugardagur kl. 17.00

6. desember sunnudagur kl. 17.00

8. desember þriðjudagur kl. 20.00

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur í rúm þrjátíu ár glatt
Íslendinga á jólum, og skipa jólatónleikar kórsins veglegan
sess í ríkilegu tónleikahaldi í Reykjavík. Í ár heldur kórinna
þrenna tónleika á aðventunni þar sem hinn hreini kórsöngur,
skreyttur orgelleik og málmlæstri, verður í svíðsljósini.
Mótettukórfélagar munu láta ljós sitt skína í ýmsum
hlutverkum á tónleikunum og verður orgelleikur á hið mikla
Klaas-orgel Hallgrímskirkju til að mynda í höndum Lenka
Matéova, organista og kórfélaga. Málmlásarakvartett úr
Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur á tónleikunum. Stjórnandi
er Hörður Áskelsson. Á efnisskránni er hátíðleg aðventu- og
jólatónleikar þar sem ofnir eru saman þýskir barokksálmur eftir
Praetorius, Schein, Händel og Eccard, og sjaldheyrðir enskir
jólasöngvar frá 20. öld eftir m.a. Gustav Holst, Andrew Carter
og Harold Darke. Auk þess verður fluttur fjöldinn allur af
þekktum jólasálmum og nýlegri verkum. Í vændum er hátíðleg
stund á aðventunni í fagurlega skreytri kirkjanni.

Aðgangseyrir: 4.900 / 3.900 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

THE HALLGRIMSKIRKJA MOTET CHOIR CHRISTMAS CONCERTS 2015

Saturday December 5th 5 pm

Sunday December 6th 5 pm

Tuesday December 8th 8 pm

The Motet Choir of Hallgrímskirkja has for over thirty
years brought Christmas joy to the natives of Iceland and
its Christmas concerts are an important part of the lavish
festivities in Reykjavík during the Advent. At this year's
concerts the pure choir singing will be embellished with
both the organ and a brass quartet from the Icelandic
Symphony Orchestra. The talented members of the choir
take on different roles during the concerts and for example
Lenka Mateova, an organist and a choir member, will play the
magnificent Klais-organ of the church. The program consists of
wonderful Advent and Christmas music, both German hymns
from the baroque era and rarely heard English carols from the
20th century. Of course there will also be an abundance of
classic Christmas carols, both Icelandic and from abroad! It will
be a most festive moment in the beautifully decorated church.
Conductor is Hordur Áskelsson.

Admittance: 4900/3900 ISK.



11. DESEMBER FÖSTUDAGUR

12.00–12.30 Aðventutónleikar II með Schola cantorum

Schola cantorum býður upp á aðra hádegistónleika sína á aðventunni með áherslu á fagra aðventu- og jólatónlist. Tónleikarnir eru sannkallað mótefni gegn jólaös og jólastressi. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

FRIDAY DECEMBER 11TH

12.00–12.30 noon Schola Cantorum's noon Advent concert II

The second of three Friday noon Advent choir concerts in Hallgrímskirkja, where the excellent chamber choir Schola Cantorum sings beautiful Advent and Christmas choir music. The perfect antidote for the hustle and bustle of Christmas preparations.

Admittance: 2500 ISK.

17. DESEMBER FIMMTUDAGUR

20.00 Jazz fyrir jólin

Þýskt jazzdúó, skipað Markusi Burger píanóleikara og Jan von Klewist saxófónleikara, ferðast nú um heiminn sem tónlistarsendibóðar Þýskalands í tilefni af 500 ára afmæli siðaskiptanna árið 2017. Fluttir verða jólasálmur í jazzbúningi. Þeir félagar voru hér síðast á Jólatónlistarhátiðinni 2013 og léku þá fyrir fullu húsi við rifrandi undirktir. Tónleikarnir eru í samvinnu við þýska sendiráðið.

Aðgangur ókeypis.



THURSDAY DECEMBER 17TH

8 pm Jazz before Christmas

A German Jazz duo plays Christmas hymns. Pianist Markus Burger and saxophonist Jan von Klewist currently travel the world as musical ambassadors of Germany on the occasion of the upcoming 500-year anniversary of the Reformation in 2017. The duo last performed in Iceland two years ago and was excellently received. The concert is held in collaboration with the German embassy in Iceland.

Free admittance.

18. DESEMBER FÖSTUDAGUR

12.00–12.30 Aðventutónleikar III með Schola cantorum

Priðju hádegistónleikar Schola cantorum á aðventunni þar sem þessi frábæri kammerkór syngur jól inn í hjortun. Stjórnandi og orgelleikari: Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



FRIDAY DECEMBER 18TH

12.00–12.30 noon Schola Cantorum's noon Advent concert III

The third of three Friday noon Advent choir concerts in Hallgrímskirkja, where the excellent chamber choir Schola Cantorum sings Christmas into the hearts of everyone.

Admittance: 2500 ISK.

27. DESEMBER SUNNUDAGUR – JÓL

17.00 Fæðing frelsarans – Orgeltónleikar

Björn Steinar Sólbergsson organisti flytur hið magnaða La Nativité du seigneur – Fæðing frelsarans. Níu hugleiðingar fyrir orgel eftir Olivier Messiaen. Eitt frægasta jónaorgelverk allra tíma.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



31. DESEMBER GAMLÁRS DAGUR

17.00 Hátíðarhljómar við áramót

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur. Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur

Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari og Eggert Pálsson páküleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Bach og Albinoni. Að þessu sinni leysir Björn Steinar Sólbergsson Hörð Áskelsson af. Áramótastemmningin byrjar með hátíðarhljónum beirra félaga, enda njóta þessir tónleikar gríðarlega mikilla vinsælda.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

DECEMBER 31ST NEW YEAR'S EVE

5–5:45 pm Festive Music for the New Year

Wonderful musical fireworks at New Year's Eve! Three trumpets, a gigantic organ and timpani salute the New Year in Hallgrímskirkja. Our New Year concert has become a very popular tradition in Reykjavík. Featured this year are the works of Vivaldi, Bach and Albinoni.

Admittance: 3500 ISK.



DAGSKRÁ 2016

22. JANÚAR LAUGARDAGUR

14.00 Listaháskólinn í Hallgrímskirkju I

Söng- og hljóðfærnanemendur tónlistardeildar Listaháskóla Íslands flytja fjölbreytta tónlist, m.a. ný verk eftir tónsmíðanemendur tónlistardeildar.

Listvinafélag Hallgrímskirkju og tónlistardeild Listaháskóla Íslands hafa gert með sér samkomulag um að tónlistardeildin skipuleggi tvenna tónleika á vorönn 2016. Markmiðið með þessu samstarfi er að kynna nemendur skólangs fyrir töfrum Klais-orgelsins og rými kirkjunnar til tónlistarflutnings og á sama tíma bjóða listvinum kirkjunnar tækifæri til að heyra hvað hæfileikaríkir nemendur tónlistardeildar hafa fram að færa.

Ókeypis aðgangur.

30. JANÚAR SUNNUDAGUR

17.00 Orgeltónleikar – Á mörkum hins mannlega
Uppfærður tæknibúnaður Klais-orgelsins býður upp á þá nýjung að hægt er að stjórna orgelinu með midi-skilaboðum sem send eru frá tölvu. Organistinn fær kærkomið frí og tónskáldin geta leyft sér að fara yfir mörk mannlegrar getu í nálgun sinni við hljóðfærið.

Flutt verða ný verk eftir Elínu Gunnlaugsdóttur, Gunnar Andreas Kristinsson, Hlyn A. Vilmarsson, Kristínú Þóru Haraldsdóttur og Áka Ásgeirsson, en Áki veitir jafnframt kollegum sínum tæknilega aðstoð við útfærslu tónsmíðanna.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir og nemendur 50% afsláttur.

15. FEBRÚAR SUNNUDAGUR – FASTA

12.15 Sýningаропнун Valgerðar Bergsdóttur

Sýning Valgerðar ber heitið Vaka/Hindurvaka og skírskota verkin til minna í Sólarljóðum sem er gamalt, íslenskt helgkvæði og fjallar um líf og dauða.

17.00 Orgeltónleikar Agnus Dei – Guðs lamb

Norski orgelleikarinn Ingrid-Lise Ulsrud, organisti við Uranienborg kirkjuna í Oslo, leikur fjölbreytta efnisskrá tengda föstunni.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.



SATURDAY JANUARY 22ND

2 pm The Icelandic Academy of the Arts in Hallgrímskirkja

Students at the church music and voice departments at the Academy perform various music. This collaboration between the Friends of the Arts Society in Hallgrímskirkja and the Academy of the Arts allows students to discover the magical Klais-organ and the acoustics of the church and at the same time gives art lovers an opportunity to discover talented and upcoming musicians.


Free admittance.

SUNDAY JANUARY 30TH

5 pm Organ concert – Beyond Human Control

The recent digitalization of the Klais-organ of Hallgrímskirkja allows the organ to be controlled by a computer. The organist gets a long-overdue day off and the composers can cross the limits of human capacity. On the programme are new works by Elin Gunnlaugsdottir, Gunnar Andreas Kristinsson, Hlynur A. Vilmarsson, Kristin Thora Haraldsdottir and Aki Asgeirsson, Aki doubling as the technical assistant of his fellow composers.

Admittance: 2500 ISK.



SUNDAY FEBRUARY 15TH

12.15 noon Opening of Valgerdur Bergsdottir's exhibition

Valgerdur's works are inspired by an old, Icelandic poem called Sólarljóð, dealing with life and death.

5 pm Organ concert – Agnus Dei, Lamb of God

Norwegian organist Ingrid-Lise Ulsrud of the Uranienborg church in Oslo plays a lent-orientated programme.

Admission: 2500 ISK.



13. MARS SUNNUDAGUR BOÐUNARDAGUR MARÍU SCHOLA CANTORUM 20 ÁRA

17.00 Magnificat með Schola cantorum

Fluttir verða Lofsöngvar til Maríu eftir gamla meistara. Kammerkórinn Schola cantorum fagnar 20 ára afmæli á árinu, en hann var stofnaður árið 1996. Kórinn er löngu viðurkenndur sem einn fremsti kór landsins og hefur hlotið tilhefningu til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og Íslensku tónlistarverðlaunanna og var valinn tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2006–7. Stjórnandi frá upphafi er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

19. MARS LAUGARDAGUR

14.00 Pétur og úlfurinn

Mattias Wager organisti frá Storkyrkan í Stokkhólmi flytur Pé tur og úlfinn eftir Prokoviev í útsetningu W. Grimm. Þetta er í þriðja sinn sem Mattias kemur til Íslands og leikur þetta verk, en hann hefur ávallt leikið fyrir troðfullu húsi. Halldóra Geirharðsdóttir verður sögumaður, en hún hefur mikla reynslu af söguflutningi með Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur – ókeypis fyrir börn.

SUNDAY MARCH 13TH FEAST OF THE ANNUNCIATION 20TH ANNIVERSARY OF CHAMBER CHOIR SCHOLA CANTORUM

5 pm Magnificat – A concert with Schola Cantorum

The programme consists of songs of praise to the Virgin Mary by old masters. This year it is Schola Cantorum's 20th anniversary, the Hallgrímskirkja chamber choir founded in 1996. Long since acclaimed as one of Iceland's most outstanding choirs, it has received a nomination for the Nordic Music Prize, the Icelandic Music Awards and was nominated Musical Group of Reykjavík City 2006–7. Conductor from the beginning is Hordur Áskelsson.

Admittance: 3500 ISK.

SATURDAY MARCH 19TH

2 pm Peter and the Wolf

Organist Mattias Wager of Storkyrkan church in Stockholm performs Prokofiev's Peter and the Wolf, arranged by W. Grimm. It is the third time Wager plays this piece in Iceland and the concerts have been enormously popular. Actress Halldóra Geirharðsdóttir tells the story, she has performed for a number of years at the Icelandic Symphony Orchestra's children programme.

Admission: 2500 ISK. Free for kids.



20. MARS PÁLMASUNNUDAGUR

17.00 Orgel og upplestur – Við krossinn – Le chemin de la Croix
Mattias Wager, dómorganisti í Stokkhólmi, flytur tónlist eftir franska orgelsmillinginn Marcel Dupré. Verkið Le chemin de la croix eða Krossganga Krists samanstendur af 14 hugleiðingum um staðina þar sem Kristur nam staðar á krossgöngu sinni upp Golgatahæð. Byggir tónsmíðin á samnefndu ljóði eftir franska skáldið Paul Claudel, sem leikkanon Sóleig Simha mun flytja.
Ókeypis aðgangur: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

24. MARS SKÍRDAGUR

17.00 Söngvahátið barnanna
100 barna kór og hljómsveit flytja nýja kirkjusöngva með sveiflu. Mikil stemmning ríkir á þessum tónleikum og fyllist kirkjan ávallt af glöðum tónleikagestum á öllum aldir. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Margréti Bóasdóttur, verkefnastjóra kirkjutónlistar á Biskupsstofu. Stjórnandi: Tómas Guðni Eggertsson, organist Seljakirkju.
Ókeypis aðgangur.

20.00 Getsemanestund

21.00 SCHOLA CANTORUM 20 ÁRA
Hinn frábæri kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, heldur upp á tveggja áratuga afmælið með flutningi fagurrar kórtónlistar. Á dagskránni eru meðal annars verk eftir Gesualdo og hið fræga Miserere eftir Allegri.

Ókeypis aðgangur.

25. MARS FÖSTUDAGURINN LANGI

13.00–18.00 Passíusálmafestur í Hallgrímskirkju
Á föstudaginn langa verður heildarflutningur Passíusálma Hallgríms Péturssonar í kirkjunni. Lesarar úr röðum félaga Mótettukórsins. Umsjón: Ævar Kjartansson og Þórunn Sigurðardóttir.

Ókeypis aðgangur.

PALM SUNDAY MARCH 20TH

5 pm Organ and poetry – Stations of the Cross – Le chemin de la Croix
Organist Mattias Wager of Storkyrkan church in Stockholm performs music by the French composer Marcel Dupre. Le chemin de la Croix or Stations of the Cross consists of 14 contemplations on the places where Christ halted during his march to Golgata. Actress Solveig Simha reads the poem Le chemin de la Croix by Frenchman Paul Claudel that the composition is based upon.
Admittance: 2500 ISK.

HOLY THURSDAY MARCH 24TH

5 pm The Children's Song Festival
A 100-children choir and an orchestra sing and play new church songs with a swing. It is a joyful event and the church is filled with happy guests of all ages. Conductor is Gudni Eggertsson, organist of Seljakirkja church.

Free admittance.

8 pm Getsemene hour

9 pm SCHOLA CANTORUM'S 20TH ANNIVERSARY CONCERT
Hallgrímskirkja's splendid chamber choir, Schola Cantorum, gives a birthday concert with beautiful music including the works of Gesualdo and the famous Miserere by Allegri.

Free admittance.

GOOD FRIDAY MARCH 25TH

1–6 pm Reading of the Passion Hymns
The Passion Hymns are a collection of 50 poetic texts written by minister and poet Hallgrímur Petursson in the 17th century, telling the story of the Passion of Christ. Readers are members of the Hallgrímskirkja Motet choir. Supervisors: Ævar Kjartansson and Thorunn Sigurdardóttir.

Free admittance.

30. APRÍL LAUGARDAGUR

14.00 Listaháskólinn í Hallgrímskirkju II
Aðrir tónleikar ársins í samstarfi Listvinafélagsins og Listaháskólans. Söng- og hljóðfæranemendur tónlistardeildar flytja fjölbreyttu tónlist.
Ókeypis aðgangur.

14. MAÍ LAUGARDAGUR – HVÍTASUNNA

12.00 Orgeltónleikar Veni creator – Kom skapari heilagi andi Hvítasunnan er ávallt í hávegum höfð í Hallgrímskirkju og henni fagnað með ýmsum listflutningi. Á þessum glæsilegu tónleikum leikur Hörður Áskelsson verk eftir D'Grigny, Bach o.fl. á hið magnaða orgel kirkjunnar.

Ókeypis aðgangur: 2000 kr. / listvinir: 50% afsláttur.

15. MAÍ HVÍTASUNNUDAGUR

11.00 Hátíðarmessa með tónlistarflutningi
Mótettukór Hallgrímskirkju flytur hátíðartónlist undir stjórn Harðar Áskelssonar.

12.15 OPNUN SÝNINGAR HULDU HÁKON

Sýning Huldu ber nafnið Á eyju við Íshafið: Fólk, eldur og fuglar og verður í forkirkjunni og á Hallgrímsstorgi.

17.00 Hvítasunnutónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju
Mótettukór Hallgrímskirkju flytur áhrifamikla og fallega kórtónlist. Á tónleikunum verða flutt verk af efnisskrá væntanlegrar utanlandsferðar kórsins, en á henni verða fjölbreytt a cappella söngverk eftir íslensk og erlend tónskáld.
Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Ókeypis aðgangur: 3500 kr. / listvinir: 50% afsláttur

SATURDAY APRIL 30TH

2 pm The Icelandic Academy of the Arts in Hallgrímskirkja II
The second concert in the collaboration between The Friends of the Arts Society and the Academy of Arts. Students at the church music and voice departments at the Academy perform various music.

Free admittance.

SATURDAY MAY 14TH – WHITSUN

12 noon Organ concert Veni Creator – Come, Creator Holy Spirit
The Whitsun is always lavishly celebrated in Hallgrímskirkja, not least with various artistic events. In this magnificent concert, organist Hordur Áskelsson plays works by D'Grigny, J. S. Bach and more on the church's marvellous organ.

Admittance: 2000 ISK.

WHITSUNDAY MAY 15TH

11 am Festive Mass with music
The Hallgrímskirkja Motet choir performs, conducted by Hordur Áskelsson.

12.15 noon OPENING OF HULDA HAKON'S ART EXHIBITION

Hulda's exhibition is called On an Island by the Arctic Sea: People, Fire and Birds and will reach from the vestibule out on to the church square.

5 pm THE MOTET CHOIR'S WHITSUNDAY CONCERT

Hallgrímskirkja's excellent Motet Choir is going on a concert trip abroad. The choir will perform works from their repertoire for the trip, breathtaking a cappella pieces by Icelandic and foreign composers. Conductor is Hordur Áskelsson.

Admittance: 3500 ISK.



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR 2016

18. JÚNÍ–28. ÁGÚST

32 orgeltónleikar yfir sumarið

Hinir vinsælu sumartónleikar, sem nú eru haldnir 24. sumarið í röð, eru alla sunnudaga kl. 17.00 (60 mínútur) og alla fimmtudaga og laugardaga kl. 12.00 (30 mínútur).

Á Alþjóðlegu orgelsumri koma fram konsertorganistar í fremsstu röð frá ýmsum löndum, m.a. Bandaríkjunum, Svíþjóð, Hollandi, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Íslandi.

Meðal þeirra sem fram koma má nefna James McVinnie, Douglas Cleveland, Matthias Wager, Leo van Doeselaar, Christopher Schöner, Paul Jacobs o. fl.

Hádegistónleikar Schola cantorum eru alla miðvikudaga kl. 12.00, en í tilefni af því að kórinn fagnar á bessu ári 20 ára afmæli sínu býður kórinn upp á fjölbreytta efnisskrá með þverskurði af efnisvali kórsins gegnum árin.


Í hádeginu á fimmtudögum verða orgeltónleikar undir yfirskriftinni Orgel +, þar sem leikið verður á Klais-orgelið í samleik við önnur hljóðfæri.

Sérprentuð Dagskrá Alþjóðlegs Orgelsumars verður birt vorið 2016.

4. SEPTEMBER SUNNUDAGUR

12.15 Opnun sýningar Erla S. Haraldsdóttur

Dreams from my Father er titill sýningar Erlu. Í Gamla testamentinu og í Íslendingasögunum hafa draumar mikla þýðingu og er sýningin tilraun til að raungera drauma í málverki, drauma sem áttu sér stað stuttu fyrir og eftir skyndilegt fráfall föður hennar í september 2014.



THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER 2016

JUNE 18TH–AUGUST 28TH

32 organ concerts during the summer

The popular Summer Concert Series in Hallgrímskirkja will be held for the 24th time this summer. There will be three concerts every week: Sundays at 5 pm (60 min.) and Thursdays and Saturdays at 12 noon (30 min.). First class concert organists from all over the world perform at the Organ Summer every year, this time including artists from the U. S. A., Sweden, the Netherlands, the U. K., France, Germany and Iceland. Among them are James McVinnie, Douglas Cleveland, Mattias Wager, Leo van Doeselaar, Christopher Schöner, Paul Jacobs and more.

Schola Cantorum chamber choir concerts are all Wednesdays at 12 noon. As it is the choir's 20th anniversary this year, programmes will consist of highlights from the last two decades.

The Thursday lunchtime concerts are called Organ + as there is always a second instrument playing with the organ.

The special programme for the Summer Concerts will be published in the spring of 2016.

SUNDAY SEPTEMBER 4TH

12.15 noon Opening of Erla S. Haraldsdóttir's exhibition

Dreams for my Father is the title of Erla's exhibition in Hallgrímskirkja. In both the Old Testament and the old Icelandic Sagas, dreams play an important role.

This exhibition is an attempt to paint the artist's dreams, dreams she had just before and after her father's death in September 2014.

29./30. október

30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju

Hallgrímskirkja var vígð 26. október 1986 og verður þess minnst með hátíðlegri dagskrá sem kynnt verður síðar. Meðal viðburða verða hátiðartónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju en þar syngur kórinn með annars Te deum eftir Charpentier ásamt barokksveit og fimm einsöngvurum. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 4.900 kr.

5. nóvember sunnudagur Allra heilagra messa
SCHOLA CANTORUM 20 ÁRA

17.00 Requiem – Tónleikar Schola cantorum

Flutt verður við kertaljós hrífandi og hugljúf tónlist tengd minningardegi látinna. Einhver fegursta stund ársins í Hallgrímskirkju. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3900 kr./ listvinir: 50 % afsláttur

19. nóvember laugardagur
14.00 Listaháskólinn í Hallgrímskirkju III

Enn heldur hið ágæta samstarf milli Listaháskólans og Listvinafélagsins áfram. Úrval söng- og hljóðfærarnemenda Listaháskóla Íslands flytur sem fyrr fjölbreytta tónlist og einnig verða flutt ný verk nemenda tónsmíðadeilda sem samin eru með midibúnað Klais-orgelsins í huga. Upplagt tækifæri til að njóta hæfileika komandi kynslóðar listafólks.

Ókeypis aðgangur.

Pakkir / Special thanks:

Hallgrímskirkja - sóknarnefnd og starfsfólk
Mótettukór Hallgrímskirkju
Schola cantorum

BB merkingar
Biskupsstofa

Blómagallerí
Blómaval
Efnalaugin Björg
Efnalaugin Kjóll og hvítt
ENNEMM
Gunnar Eggertsson ehf
HljóðX
Hótel Holt
Reykjavíkurborgar
Pixel

12 TÓNAR
Kirkjuhús Íslands
Kirkjumálasjóður
Listaháskóli Íslands
Litróf - Hagrent
Mál og menning
Menningar- og ferðamálaráð
Reykjavíkurborgar

Reykjavík Midsummer Music
Sinfóniuhljómsveit Íslands
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Skógrækt ríkisins
Sýningakerfi
Tónaflöð
Tónlistarsjóður
Upplifun, bækur og blóm

Hafstein Sv. Hafsteinsson, Sigríður Ásta Árnadóttir, Inga Harðardóttir tónleikastjóri AO, Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir verkefnastjóri, Snorri Sigurðsson formaður Mótettukórs Hallgrímskirkju, Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir formaður Schola cantorum, Kristín Bogadóttir ljósmýndar, Erla Elín Hansdóttir umsjón efnisskráa, Alexandra Kjeld, Ágústa Þorbergsdóttir, Áskell Harðarson, Atli Freyr Steinþórsson, Benedikt Ingólfsson, Björg Jónsdóttir, Björn Steinar Sólbergsson, Einar E. Guðmundsson, Erlingur Pórsson, Fjölnir Ólafsson, Guðmundur Vignir Karlsson, Gunnar Andreas Kristinsson, Gunnar Freyr Steinsson, Gunnhildur Halla Carr, Guðrún Hrund Harðardóttir, Halldór Hauksson, Haukur Harðarson, Helgi Steinar Helgason, Ingvar Jón Bates, Jónanna Björnsdóttir, Karl Kristensen, Katrín Sverrisdóttir, Kjartan Oddur Jónsson, Kristján Guðmundsson, Kristján Gunnarsson, Lenka Máteová, Magnús Valur Pálsson, Margrét Þóasdóttir, Oktavia Ágústsóttir, Ragnheiður Elísabet Kristinsdóttir, Rósa Gísladóttir, Rut Guðmundsdóttir, Sara Elísabet Svansdóttir, Seedsja Jónsdóttir, Sigurður Sævarsson, Sigurður Johannesson, Sveinn Ingi Reynisson, Sveinn Yngvi Egilsson, Sverrir Jónsson, Tómas Guðni Eggertsson, Tryggvi M. Baldvinsson, Tuomo Suni, Vinnuskóli Reykjavíkur, Vikingur Heiðar Ólafsson, Þórunn Sigurðardóttir, Ævar Kjartansson o.fl. fyrir sjálfbóðavinnu og aðra aðstoð við starf Listvinafélags Hallgrímskirkju.

DAGSKRÁIN ER BIRT MED FYRIRVARA UM BREYTINGAR / THE PROGRAMME IS PUBLISHED WITH THE PROVISO THAT CHANGES MAY OCCUR

October 29th/30th

The 30 year anniversary of Hallgrímskirkja's consecration

On October 26th in 1986 Hallgrímskirkja was consecrated.

This event will be commemorated with a jubilant programme, published in detail later on. Among events is a festive concert with the marvellous Hallgrímskirkja Motet Choir, a baroque orchestra and five solo singers. Charpentier's Te Deum is among the works performed on this joyful occasion.

Admittance: 4900 ISK.

Sunday November 5th

20TH ANNIVERSARY OF CHAMBER CHOIR SCHOLA CANTORUM

5 pm Requiem – Schola Cantorum's Candlelight Concert at All Hallows

The excellent chamber choir Schola Cantorum sings delectable and sweet music in memory of the deceased. Among the most beautiful moments of the whole year in the church.

Admittance: 3900 ISK.

Saturday November 19th

2 pm The Icelandic Academy of the Arts in Hallgrímskirkja III

The fruitful collaboration between the Friends of the Arts Society and the Academy of Arts continues. As before, students at the church music and voice departments at the Academy perform various music and there will also be performed new compositions by students at the composition department, specially created for the Klais-organ's midi equipment. A great opportunity to get acquainted with the talented next generation of artists.

Free admittance.

LISTVINAFLÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY

Listvinafélag Hallgrímskirkju var stofnað 1982. Markmið þess er að halda áfram því öfluga listastarfi, sem byggt hefur verið upp þau 33 ár síðan það var stofnað við Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Félagið skipuleggur 50-60 tónleika á ári, þar á meðal undir merkjum Jólatónlistarháttíðar í Hallgrímskirkju, Alþjóðlegs orgelsumars og skipuleggur þjár til fjórar myndlistarsýningar árlega í forkirkju Hallgrímskirkju með viðurkenndum listamönnum.

Listvinafélagið styður einnig við fjölbreyttan og vandaðan tónlistarflutning í helgihaldi kirkjunnar ásamt kórum kirkjunnar og margir gestakórar koma fram á þess vegum.

Sálmafoss er orðinn einn af föstum viðburðum á Menningarnótt í Hallgrímskirkju.

Nýsköpun skipar stóran sess í starfi Listvinafélagsins og hafa fjölmörg verk íslenskra höfunda verið frumflutt á vegum Listvinafélagsins, tónverk, frumsamin ljóð, leikrit, myndlistasýningar o.fl.

Einnig er Listvinafélagið bakhjalr Kirkjulistaháttíðar sem haldin er annað hvert ár.

The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society was founded in 1982. Its aim is to support and maintain the powerful artistic activities that have been structured over the last three decades in Hallgrímskirkja. The society executes about 50-60 concerts every year and three to four pictorial arts exhibitions in the church.

Listrænn stjórnandi / Artistic Director: Hörður Áskelsson,

kantor Hallgrímskirkju, hask@hallgrimskirkja.is

Framkvæmdastjóri / Manager: Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari

s. 696 2849, ingaros@hallgrimskirkja.is

STJÓRN LISTVINAFLAGS HALLGRÍMSKIRKJU / BOARD:

- Sigurður Sævarsson tónskáld, formaður/Chairman
- Rósa Gísladóttir myndlistarkona
- Dr. Snorri Sigurðsson náttúrufræðingur, ritari
- Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum
- Ævar Kjartansson cand. theol. útvarpsmaður

Varamenn:

- Benedikt Ingólfsson söngvari
- Pórhallur Vilhjálmsson markaðsfræðingur

Auk þess sitja fundi stjórnar Listvinafélagsins:

- Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri
- Jóhannes Pálason lögfræðingur, formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju
- Björn Steinar Sólbergsson organisti
- Dr. Sigurður Árni Pórðarson sóknarprestur
- Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
- Jónanna Björnsdóttir framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju

TIKGANGUR LISTVINAFLAGS HALLGRÍMSKIRKJU:

Að efla listastarf við Hallgrímskirkju í Reykjavík

GILDI SEM STARFIÐ BYGGIST Á:

- Trúarlegt inntak
- Listrænn metnaður
- Áhrifamikil umgjörð



HEIMSÆKIÐ VEFSÍÐUNA / VISIT US AT LISTVINAFLAG.IS



Listvinafélag Hallgrímskirkju, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík, Sími: 510 1000, 510 1022, Fax: 510 1010
Umsjón dagskrá: Inga Rós Ingólfssdóttir og Hörður Áskelsson - list@hallgrimskirkja.is